

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3114  
komudagur 14. 9. 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík, 14. september 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 1456, 693. máls, 138. löggjafarþingi, 2009-2010.**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, og breytingu á lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna).

**Almennt**

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir nauðsyn þess að auka á úrræði eftirlitsstofnana og innheimtuaðila opinberra gjalda og skatta, vegna fjölda og stærðar hagsmunamála í aðdraganda og kjölfar efnahagshrunsins fyrir sameiginlega sjóði.

Niðurstöður RNA og þingmannanefndar Alþingis, stefnumál skilaneftnda bankanna og fjölmörg dómsmál benda eindregið til að verulegir breistir hafi átt sér stað í eftirliti með viðskiptaháttum og þar með skilum á opinberum gjöldum margra umsvifamikilla einstaklinga, fyrirtækja og fjármálastofnana undanfarin ár. Ljóst er að auka þarf á úrræði yfirvalda, að minnsta kosti tímabundið, til að lágmarka tjón almennings á sameiginlegum sjóðum, gegn einbeittri sérhagsmunagæslu og undanskotum frá þátttöku í samneyslunni.

Hagsmunasamtök heimilanna gera ekki efnislegar athugasemdir við framsettar breytingar á ofangreindum lögum og styðja hana. Vona samtökin að breyting laganna leiði til verulegs árangurs í formi tekjuauka fyrir sameiginlega sjóði þannig að ekki komi til frekari skattahækkana á heimili og fyrirtæki landsins. Einnig eru vonast til að breiðari skattgrunnur leiði til að álögur á heimili og fyrirtæki verði lækkaðar sem fyrst að nýju.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka þá kröfu sína að stjórnvöld beiti sér fyrir tafarlausu afnámi verðtryggingar og eða innleiði þak á verðbótahátt verðtryggðra lána, þar sem allar skattahækkanir skila sér með beinum eða óbeinum hætti inn í verðlag og um leið sem höfuðstóls-hækkanir verðtryggðra lánasamninga.

Því er harðlega mótmælt að vegið sé stöðugt að heimilum landsins bæði út frá mánaðarlegum ráðstöfunartekjum og hækkunum á þegar teknum verðtryggðum lánnum.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson rítari